

**3. fundur skólanefndar vegna Flúðaskóla árið 2016, haldinn 26. maí 2016 í Flúðaskóla kl. 15:00. 10. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Jón Bjarnason, Vigdís Furuseth, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Helena Eiríksdóttir, fulltrúi kennara, Erla Björg Arnardóttir, fulltrúi skólaráðs, Ásmundur Lárusson og Ingvar Hjálmarsson.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra**
- 2. Skóladagatal**
- 3. Starfsmannamál**
- 4. Rekstur Flúðaskóla**
- 5. Framkvæmd skólastefnu**
- 6. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

- ❖ Vikuna 11. – 15. apríl var „Opinn skóli“ fyrir foreldra í Flúðaskóla í annað skipti í vetur. Í samræmi við skólastefnuna viljum við tengja foreldra sem best við starfið okkar og þeim því boðið að taka virkan þátt í starfinu með okkur.
- ❖ Starfsdagur 27. apríl var tileinkaður sunnlenska skóladeginum sem ekki varð neitt af notuðum við í stefnumótunavinnu. Unnið var að framtíðarsýn til næstu þriggja ára auk þess sem unnið var með námsmat.
- ❖ 11.-13. maí var vorskóli hjá tilvonandi 1. bekkingum og var það lokaspretturinn í aðlögun fyrir nám í Flúðaskóla.
- ❖ Nemendur og starfsfólk Flúðaskóla tók þátt í árlegum "Rusladegi" eins og undanfarin ár. Dagurinn heppnaðist mjög vel og safnaðist töluvert af rusli. Að ruslatínslu lokinni bauð sveitarstjórn upp á pylsur og safa.
- ❖ Krakkarnir í 1. bekk fengu reiðhjólaljálma að gjöf frá Kiwanis á Íslandi og Eimskipafélagi Íslands
- ❖ Litlu ólympíuleikarnir voru haldnir hjá 1.-3. bekk þann 17. maí en þá er brugðið á leik í margskonar þrautum.

- ❖ Finnur Andrésson og Ólína Þorleifsdóttir buðu nemendum í 8. - 10. bekk upp á erindi sem ber yfirskriftina „námsferiðleikar, ADHD og sjálfsmynd“. Verkefnið er samvinnuverkefni Skólaþjónustu Árnesinga og Finns sem er með ADHD og dyslexíu. Finnur sagði nemendum frá veikleikum sínum í námi, hvernig hann brást við þeim og hvaða áhrif það hafði á sjálfsmynd hans.
- ❖ Nemendur í 9. og 10. bekk fóru á dögum í starfskynningu. Það fór þannig fram að þau gátu valið um fjögur þemu: samfélag, iðnaður, ferðaþjónusta eða sveit. Að lokum munu einyrkjar í sveitarfélaginu koma í heimsókn og kynna fyrir þeim starfsemi sína.
- ❖ Þrír nemendur fengu boð um að taka þátt í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna sem fór fram í síðustu viku.
- ❖ Nú stendur yfir lokamat í 10. bekk og er það með nokkuð breyttu sniði frá því undanfarin ár þar sem lögð er áhersla á hæfnimiðað mat og eingöngu gefið í bókstöfum. Næsta vor á þetta við um alla árganga Flúðaskóla.

## 2. Skóladagatal

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali Flúðaskóla fyrir næsta skólaár, 2016-2017. Það er gert ráð fyrir að skólaþing verði mánudaginn 22. ágúst og skólaslit þann 1. júní. Breyting verður gerð á tímasetningu árshátíðarviku þetta árið en hingað til hefur hún verið í vikunni fyrir páska en núna verður hún 20. - 24. febrúar. Dagatalið er samræmt við dagatal Þjórsárskóla. Á fundi skólaráðs gerði einn nefndarmaður í skólaráði athugasemd við það að það sé ekki skóladagur á réttardaginn og telur að margir foreldrar séu að sækja vinnu út fyrir sveitarfélagið og séu að öðru þjóðerni. Hann telur því að ekki sé hægt að taka þessum frídegi sem sjálfsögðum hlut. Þetta var rætt á fundinum og skólanefnd samþykkir að veita frí á réttardaginn. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

## 3. Starfsmannamál

Skólastjóri fór yfir starfsmannamál fyrir næsta vetur. Halla Sigríður Bjarnadóttir sækir um að minnka starfshlutfall úr 100% í 50% næsta vetur og Árni Þór Hilmarsson sækir um að minnka starfshlutfall úr 100% í 50% næsta vetur. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar. Eygló Jósephsdóttir hefur sagt starfi sínu lausu. Farið var yfir önnur starfsmannamál og liggur fyrir að það þarf að ráða í 1,5 starfshlutfall næsta vetur. Verið er að vinna í umsóknum.

## 4. Rekstur Flúðaskóla

Skólastjóri fór yfir helstu tölur í rekstri skólans það sem af er ári. Reksturinn er á áætlun.

## 5. Framkvæmd skólastefnu

Skólanefnd hefur kynnst sér úttekt á framkvæmd skólastefnu. Ekki eru gerðar athugasemdir við úttektina. Skólanefnd skorar á sveitarstjórn að huga að endurnýjun á salernisaðstöðu í skólahúsnæði og endurnýjun á heimilisfræðistofu. Einnig er brýnt að hefta umferð ökutækja inn á skólalóð.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál tekin fyrir

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl 15:50